



Borgarráð

Veðurtjón á flotbryggju Bryggjuhverfishafnar

Lagt er til að borgarráð samþykki að styrkja Íbúasamtök Bryggjuhverfis um 2.5 mkr. sem nemur um helmingi kostnaðar vegna veðurtjóns á flotbryggju Bryggjuhverfishafnar, í samræmi við hjálagða umsögn Eignaskrifstofu. Kostnaður verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstaður 09205.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn Eignaskrifstofu til borgarráðs, dags. 24. janúar 2022.

Erindi Íbúasamtaka Bryggjuhverfis varðandi veðurtjón á flotbryggju, dags. 10. janúar 2022.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Eignaskrifstofa

Umsögn vegna erindis íbúasamtaka Bryggjuhverfis varðandi veðurtjón á flotbryggju dags. 10. janúar 2022.

Í óveðri í byrjun janúar urðu umtalsverðar skemmdir á flotbryggjunni í Bryggjuhverfishöfn. Íbúasamtök Bryggjuhverfis hafa óskað eftir styrk frá Reykjavíkurborg sem næmi um helmings kostnaðar vegna tjóns, eða kr. 2,5 milljónir.

Þar sem engar almennar tryggingar taka til svona tjóna og líklega erfitt ef ekki útilokað fyrir íbúasamtökin að kaupa tryggingu og þar sem þau eiga erfitt með að til að fjármagna þetta sjálf er ekki gerð athugasemd við ef ákveðið verði að styrkja þetta.

Samkvæmt Samgöngustofu er algengast að flotbryggjur séu í eigu og umsjá sveitarfélaga. Faxaflóahafnir eru með flotbryggjur í Reykjavíkurhöfn. Samkvæmt upplýsingum frá Faxaflóahöfnum eru flotbryggjur þungar í rekstri sem aðallega felst í miklu og kostnaðarsömu viðhaldi. Flotbryggjur Faxaflóahafna falla ekki undir viðlagatryggingu og í þeim tilvikum sem tjón hefur orðið á flotbryggjum þeirra vegna veðurs hafa Faxaflóahafnir borið kostnað af því. Flotbryggjur utan hafnarsvæðis eru þó óviðkomandi Faxaflóahöfnum og eru reknar af samtökum eins og til dæmis flotbryggjur Snarfara í Naustavogi og flotbryggja við Bryggjuhverfið – sem eru rekin af íbúasamtökum Bryggjuhverfis og/eða bátseigendum.

Flotbryggjan sem um ræðir virðist hafa verið sett upp af Björgun upphaflega en eftir að eignir Björgunar færðust til borgarsjóðs var gert samkomulag við íbúasamtök Bryggjuhverfis 3/11/2015 þar sem kveðið er á um rekstur hafnarsvæðis og samkvæmt því samkomulagi frá 3/11 2015 er rekstur og eignarhald flotbryggju ekki á vegum Reykjavíkurborgar

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
*Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa*

Frá: Erling Gunnarsson <erling@oex.is>

Sent: mánudagur, 10. janúar 2022 14:06

Til: Dagur B Eggertsson <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>

Afrit: Bjarni Þór Þórólfsson <bjarnithor@ru.is>; Önundur Páll Ragnarsson <onundur@gmail.com>; Stefán Garðarsson <stebbin31@gmail.com>; Sveinn Magnússon <essem@itn.is>; Þorsteinn Þorgeirsson <ththor@simnet.is>

Efni: Veðurtjón á flotbryggju Bryggjuhverfishafnar.

Sæll Dagur.

Í óveðrinu á dögnum urðu umtalsverðar skemmdir á flotbryggjunni í Bryggjuhverfishöfn.

Sá hluti bryggjunnar sem skemmdist mest hefur nú verið fluttur á land og ljóst að endurbyggja þarf þennan hluta bryggjunnar. Ekki liggur fyrir nákvæm kostnaðaráætlun en verktakinn sem tók bryggjuna á land giskaði á 5 milljónir eða meira.

Undanfarin ár hafa eigedur báta sem nota bryggjuna lagt í viðhaldsjóð nægilegt fé til að hreinsa krækling og viðhalda bryggjunni, en þetta tjón er margfalt meira en viðhaldssjóðurinn hrekkur til að greiða.

Hjálagt er kostnaðaráætlun fyrir hreinsun og viðhald bryggjunnar eins og við áætluðum fyrir árið 2022. Innheimt viðhaldsgjald af bryggjunni í fullri lengd dugar til að greiða þennan viðhaldskostnað.

Þar sem engar tryggingar greiða þetta tjón og við höfum ekki bolmagn til að til að fjármagna þetta vil ég hér með fara fram á að Reykvíkurborg aðstoði okkur við að endurbyggja bryggjuna t.d. með styrk sem næmi helmingi kostnaðar eða kr. 2,5 milljónir.

Með bestu kveðju,

HAFNARNEFND

Íbúasamtaka Bryggjuhverfisins

Ásgeir Erling Gunnarsson

sími: 621 4000

Flotbryggjan í Bryggjuhverfi

Kostnaðaráætlun vegna viðhalds og þrifa 2022	Áætlaður vinnutími	Áætlaður kranatími	Áætlaður kostnaður vegna vinnu	Áætlaður kostnaður vegna krana	Annar kostnaður	Samtals
Einingaverð	6.500	16.000				
Taka flotbryggjuna í sundur og flytja upp á tangann (2*2*8)	32	8	208.000	128.000		336.040
Flutningur á verkstæði 4 ferðir	24	12	156.000	192.000		348.036
Sjósetja flotbryggjuna (2*2*8)	32	8	208.000	128.000		336.040
Setja bryggjuna saman og tenjga ankeri, rafmagn og vatn (2*2*8)	32		208.000	0		208.032
Viðbótar ankeri					200.000	200.000
Keðjur og festingar					100.000	100.000
						0
						0
						0
						0
Samtals	120	28	780.000	448.000	300.000	1.528.148